

Mánudaginn 1. nóvember 1943.

Kærumálið nr. 11/1943. Stefán Runólfsson

gegn

Rafveitu Austur-Húnavatnssýslu.

Ómerking og heimvísun.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru, sem hingað barst 20. f. m., hefur sóknaraðili skotið til hæstaréttar úrskurði, uppkveðnum 14. f. m. í bæjarþingi Reykjavíkur af fulltrúa lögmanns Bjarna Bjarnasyni, um vitnaskyldu Eggerts Claessens í málinu: Rafveita Austur-Húnavatnssýslu gegn Stefáni Runólfssyni. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og synjað verði heimildar til að leggja spurningar þær, sem í málinu greinir, fyrir nefnt vitni.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi sóknaraðilja fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í hinum áfrýjaða úrskurði greinir hvorki aðilja málsins né málsatvik og kröfum og málsástæðum er þar ekki lýst nema að litlu leyti. Hefur héraðsdómari því ekki gætt fyrir-mæla 2. mgr. 190 gr. og 1. og 4. málsg. 193. gr. laga nr. 85/1936. Þykir vegna þessara megingalla á úrskurðinum verða að ómerkja hann og vísa máli þessu heim í hérað til uppsögu úrskurðar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til uppsögu úrskurðar af nýju.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 14. október 1943.

Vitnið hefur neitað að svara spurningunum á rskj. 13, með því að svör þess við spurningunum mundu gefa upplýsingar um atriði, sem væru trúnaðarmál milli þess og umbjóðanda þess, og hins vegar að svörin séu þýðingarlaus fyrir úrslit þessa máls.

Að svo stöddu verður ekki séð, að svörin myndu reynast þýðingarlaus fyrir mál þetta, einkum með hliðsjón af tilefni því, er rskj. nr. 5 virðist gefa til spurninganna, og heldur ekki verður talið, að vitnið hafi fært sönnur á það, að því sé rétt að skorast undan að svara spurningunum, og þykir því eiga að skylda vitnið til að svara þeim.

Því úrskurðast:

Vitninu Eggert Claessen er skylt að svara spurningum þeim á rskj. nr. 13, sem til vitnisins er beint.

Miðvikudaginn 3. nóvember 1943.

Nr. 38/1943. **Réttvísinn og valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)
gegn

Christian Agerskow (Lárus Fjaldsted).

Landhelgisbrot og brot gegn 106. gr. alm. hegningarlaga.

Dómur hæstaréttar.

Brot ákærða, sem lýst er í héraðsdómi, eru réttilega heimfærð undir þargreind refsilög. Þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdómsins um varðhaldsvist ákærða, en til frádráttar henni komi fullri dagatölu gæzluvarðhald það, sem hann hefur sætt vegna máls þessa eftir uppsögu héraðsdóms.

Fésekt ákærða ákveðst kr. 30000.00 með hliðsjón af gullgildi íslenzkrar krónu, sem nú er 33.90, en var ranglega talið 23.90 í héraðsdómi, og komi í stað sektarinnar varðhald 7 mánuði, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra, svo og um málskostnað í héraði staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar